

Alþingi

Fjárlaganefnd/ Umhverfis og samgöngunefnd

Nefndarsviði

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Bt: Bjarna Benediktssonar

Reykjavík 30. mars 2020

Efni: Umsögn um sérstakt tímabundið fjárfestingaráttak. Þingskjal 1181 - 699. mál..

Sjálfsbjörg Ish. Vekur athygli stjórnvalda á því að efnahagsleg áhrif heimsfaraldursins Covid-19, kemur illa niður á þeim fötluðu einstaklingum. Mikið er um húsnæði sem hefur verið í byggingu sem nú stendur lyftulaust eða aðra þættir sem nú á aðgengi vantar og hefur jafnvel gert það í mörg ár. Hægt er að telja fleiri byggingar en færri sem þannig er ástatt.

Viðbúið er að byggingar sem þannig er ástatt um muni standa mörg ár til viðbótar nú þegar efnahagslegar hamfarir ganga yfir heimsbyggðina.

Undirritaður veltir því fyrir sér hvort að nú sé tækifæri að skrá allar þessar byggingar í sérstöku atvinnuáttaki ?

Endurreisn framkvæmdasjóðs fatlaðra er hins vegar nauðsynleg til að bæta aðgengi að umræddu húsnæði. Undirritaður telur að slíkur sjóður gæti starfað á svipaðan hátt og framkvæmdasjóður ferðamannastaða en hann hefði aðeins það hlutverk að bæta aðgengi fyrir alla þar sem skortur á aðgengi er til trafala.

Forma þarf slíkan sjóð og er Sjálfsbjörg tilbúin vera stjórnvöldum innan handar með það verkefni.

Virðingarfyllst.



Bergur Þorri Benjamínsson formaður Sjálfsbjargar Ish.